



Mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 5. mars 2025

Efni: Neyðarvistun barna í fangageymslu lögreglustöðvarinnar í Flatahrauni

Umboðsmaður barna hefur ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af því neyðarástandi sem skapast hefur innan meðferðarkerfisins og þeim aðkallandi vanda og úrræðaleysi sem þar ríkir. Hefur umboðsmaður ávarpað þá alvarlegu og óviðunandi stöðu að hér á landi sé hópur barna sem ekki fær lífsnauðsynlega meðferðarþjónustu og nýtur þar með ekki réttinda sinna samkvæmt Barnasáttmálanum, sbr. lög nr. 19/2013. Afstaða embættisins hefur m.a. komið fram í bréfum til ráðuneytisins, dags. 12. nóvember 2024 og 3. febrúar 2025.

Í erindum embættisins hefur skýrt komið fram það sjónarmið að fangageymsla lögreglustöðvarinnar á Flatahrauni, sem notuð er undir neyðarvistun, sé með öllu óviðunandi sem vistunarstaður fyrir börn. Fram hefur komið, bæði opinberlega og í samskiptum umboðsmanns annars vegar við Barna- og fjölskyldustofu og hins vegar við mennta- og barnamálaráðuneytið, að úrræðið sé í lítilli notkun og að það sé eingöngu notað í neyðartilvikum þegar ástand barns og hegðun krefjast þess að slíkt úrræði sé notað. Því sé um að ræða neyðarráðstöfun í mjög skamman tíma og að önnur úrræði en Flatahraun geti ekki tryggt öryggi barna í þessum tilvikum. Þá hefur jafnframt ítrekað komið fram, bæði opinberlega og í samskiptum umboðsmanns við Barna- og fjölskyldustofu og ráðuneytið, að börn hafi ekki dvalið þar lengur en í tvo sólarhringa í senn.

Umboðsmanni hafa borist erindi frá foreldrum barna sem vistast hafa á Flatahrauni. Í erindum foreldra hefur komið fram að börn þeirra hafi verið vistuð í úrræðinu mun lengur en í tvo sólarhringa, eða í allt að viku. Einnig hefur komið fram að í einhverjum tilfellum hafi ástand barnanna ekki verið með þeim hætti að notkun úrræðisins hafi verið nauðsynleg. Þá séu dæmi um að vistun á Flatahrauni hafi verið börnunum mikið áfall. Í kjölfar þessara erinda óskaði umboðsmaður barna, þann 19. febrúar sl., eftir upplýsingum frá Barna- og fjölskyldustofu um neyðarvistun barna í Flatahrauni. Óskaði umboðsmaður n.t.t. eftir því að fá upplýsingar um fjölda vistana sem átt hafa sér stað eftir að úrræðið var tekið í notkun, sem og tímalengd hverrar vistunar fyrir sig. Embættið ítrekaði erindið þann 4. mars. sl. og bárust umbeðnar upplýsingar samdægurs. Þær sýna að frá því að úrræðið var tekið í notkun hafa börn verið vistuð á Flatahrauni í 41 skipti og að vistun hafi varað í allt að sex daga í senn. Þá kemur einnig fram að börn allt niður í 12 ára hafi vistast í úrræðinu.

Umboðsmaður óskaði einnig eftir afriti af starfsleyfi vegna reksturs úrræðisins frá heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness og skýrslu vegna heilbrigðiseftirlits. Í leyfinu og eftirlitsskýrslu heilbrigðisnefndar, sem gefin var út þann 31. október 2024, kemur fram að hámarksvistunartími á Flatahrauni séu sjö sólarhringar.

Í ljósi framangreindra upplýsinga getur umboðsmaður ekki annað en gert alvarlegar athugasemdir við þessa framkvæmd. Benda framangreindar upplýsingar til þess að frá upphafi hafi verið gert ráð fyrir að hámarksvistunartími í úrræðinu væru sjö sólarhringar en ekki tveir sólarhringar eins og og komið hefur ítrekað fram hjá Barna- og fjölskyldustofu og í svörum mennta- og barnamálaráðuneytisins, enda staðfesta opinber gögn að börn hafi í reynd vistast þar í allt að sex sólarhringa. Einnig er vart hægt að álykta af fyrirliggjandi upplýsingum um vistanir að úrræðið sé í lítilli notkun. Þykir umboðsmanni barna alvarlegt að stjórnvöld veiti villandi upplýsingar um svo mikilvæg efni sem varða grundvallarmannréttindi barna í afar viðkvæmri stöðu. Réttar og fullnægjandi upplýsingar af hálfu stjórnvalda eru einnig forsenda þess að umboðsmaður barna og aðrir eftirlitsaðilar geti sinnt lögbundnum hlutverkum sínum.

Umboðsmaður barna hefur um árabíl bent á að vistun barna í fangaklefum sé með öllu óásættanleg ráðstöfun og ekki í samræmi við meginreglur Barnasáttmálans. Rétt er að benda á að ákvæði 37. gr. Barnasáttmálans tryggir lágmarksréttindi barna sem svipt eru frelsi sínu. Samkvæmt ákvæðinu skal gæta þess að ekkert barn sé látið sæta pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu. Börn sem svipt eru frelsi sínu skulu njóta virðingar og mannúðlegrar framkomu, þar sem tekið er sérstakt tillit til þarfa þeirra. Ástæða er til að rifja upp að Ísland gerði fyrirvara við ákvæðið við fullgildingu sáttmálans en afturkallaði þann fyrirvara eftir að Barnaverndarstofa, nú Barna- og fjölskyldustofa, og Fangelsismálastofnun gerðu með sér samkomulag um að vistun sakhæfra barna færi fram á meðferðarstofnun í stað fangelsa. Það hefur því verið yfirlýst stefna stjórnvalda að börn séu ekki vistuð í fangaklefum, óháð því hvaða ástæður liggja að baki frelssviptingu. Þá geti skortur á viðeigandi úrræðum ekki réttlætt slíka vistun. Að mati umboðsmanns er því mjög alvarlegt að Barna- og fjölskyldustofa skuli nú reka úrræði fyrir börn í fangageymslum þar sem ekki er til staðar viðunandi meðferðarheimili fyrir börn í þessari stöðu.

Embættið óskar eftir að ráðuneytið upplýsi embættið tafarlaust um til hvaða ráðstafana verði gripið til þess að loka megi þessu úrræði fyrir börn.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna